



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Kapa klusums

Lettnesk þýðing á hluta af Grafarþögn

eftir Arnald Indriðason

Ritgerð til BA-prófs í Íslensku sem öðru máli

Dace Eva Rumba

Maí 2014

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku– og menningardeild
Íslenska sem annað mál

Kapa klusums

Lettnesk þýðing á hluta af Grafarþögn
eftir Arnald Indriðason

Ritgerð til BA-prófs í Íslensku sem öðru máli

Dace Eva Rumba

Kt.: 071277-2329

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Maí 2014

Ágrip

Þessi ritgerð er BA-lokaritgerð í íslensku sem öðru máli við Íslensku- og menningardeild hugvísindasviðs Háskóla Íslands.

Aðalástæða þess að ég ákvað að skrifa þýðingaritgerð er vegna þess að ekki eru til margar bækur sem þýddar hafa verið úr íslensku yfir á lettnesku. Ég hef líka áhuga á því að kynna vinsælan íslenskan glæpasagnahöfund og verk hans fyrir lettneskum lesendum til að vekja áhuga á íslenskum bókmenntum og menningu í Lettlandi.

Þessi ritgerð skiptist í fimm meginkafla. Í fyrsta kafla er inngangur og stutt kynning á uppruna lettnesks tungumáls. Í öðrum kafla er kynning á bókinni *Grafarþögn* og höfundu hennar Arnaldi Indriðasyni, sem verður þýdd að hluta yfir á lettnesku. Í þriðja kafla er rætt almennt um þýðingar og þýðingarhugtök á fræðilega hátt. Í fjórða kafla er fjallað um nokkur málfræðileg og menningarleg vandamál sem upp komu á þýðingarferlinu og mögulegar lausnir ræddar. Í fimmta kafla er samantekt og lokaorð.

FNISYFIRLIT

1. Inngangur	1
1.1 Uppruni lettnesks tungumáls og ágríp af upphafi sögu þýðinga.....	1
2. Ummæli um <i>Grafarþögn</i>	2
2.1 Kynning á höfundum.....	2
2.2 Kynning á bókinni.....	2
3. Þýðingarhugtök og kenningar	3
3.1 Hugtakið þýðing.....	3
3.2 Þýðingaraðferðir.....	5
3.3 Jafngildishugtök í þýðingum.....	7
3.3.1 Formlegt jafngildi.....	7
3.3.2 Áhrifajafngildi.....	8
3.4 <i>Skopos</i> – kenningin	9
3.5 Samantekt.....	10
4. Vandamál og lausnir í þýðingu á <i>Grafarþögn</i>	11
4.1 Inngangur	11
4.2 Sérnöfn	12
4.2.1 Umritun sérnafna.....	12
4.2.2 Beygjanleg aðlögun mannanafna	13
4.3 Orðaröð	14
4.4 Endurtekningar orða.....	15
4.5 Þýðing á heitum stofnana	17
4.6 Notkun smækkunarorða	18
4.7 Þérun	19
4.8 Þýðing málshátta og orðatiltækja	19
4.9 Samantekt.....	21
5. Lokaorð	21
Heimildaskrá.....	23

1. Inngangur

Tilgangur ritgerðarinnar er að kynna vinsælan íslenskan glæpasagnahöfund, Arnald Indriðason og þýðingu á hluta af verki hans *Grafarþögn* á lettnesku. Það eru ekki mörg verk íslenskra höfunda sem hafa verið þýdd á lettneska tungu. Með tilliti til aukins áhuga Evrópulanda á spennusögum er að mínu álit mikilvægt að kynna menningu, bókmenntaverk og stíl íslenskra höfunda sem njóta vinsælda víða í Evrópu fyrir lettneskum lesendum.

Ritgerðin skiptist í fimm meginkafla. Fyrsti kafli er inngangur og stutt kynning á uppruna lettnesks tungumáls. Í öðrum kafla er kynning á bókinni *Grafarþögn*. Í þriðja kafla er fjallað almennt um þýðingar og þýðingarhugtök á fræðilegan hátt og helstu þýðingarhugtök kynnt. Í fjórða kafla er fjallað um nokkur atriði málfræðilegra og menningarlegra vandamála og lausna í bókmenntaþýðingu af íslensku og yfir á lettnesku. Í fimmta kafla er samantekt og lokaorð.

1.1 Uppruni lettnesks tungumáls og ágríp af upphafi sögu þýðinga

Lettneska á uppruna sinn úr indóevrópskum málum. Í baltnesku málættinni eru litháíska og lettneska. Fornprússneska tilheyrði baltnesku málættinni fyrr á tímum en það mál varð dó út á 17. öld. Málin byrjuðu að fjarlægjast önnur indóevrópsk mál 2000 árum fyrir Krist. Eystrasaltsættir sem kallaðar eru á lettnesku Kurši, Zemgaļi, Letgaļi og Sēļi bjuggu á núverandi landsvæði Lettlands. Fólkið sem er af þessum Eystrasaltsættum er enn búsett á sama landsvæði og til forna. Tungumálin sem voru töluð á þessu landsvæði á fyrri tímum voru frekar lík og skilningur manna á milli mikill. Nútímalettneska á rætur sínar í Kurši mállýskunni. Lettneska fer að þróast í átt frá Kurši á 10. til 12. öld. Lettneska nútímans greinist í þrjár mállýskur. Í lettneskri málnotkun er að finna upprunaleg hljóð og rætur í indóevrópska málaflokknum í

sérhljóðum og tvíhljóðum sem ekki er að finna lengur í öðrum indóevrópskum málaflokkum.

Upplýsingar um bókmenntir í Lettlandi voru takmarkaðar allt fram á 16. öld. Fyrsta skrifaða heimildin sem er frá 11. til 12. öld og er í tengslum við trúboð og þær bækur voru skrifaðar í fornslavnesku. Það eru bænir sem voru þýddar yfir á lettnesku fyrir kirkjuna. Sálmbækur voru þýddar á lettnesku úr þýsku. Ástæðan fyrir upphafi þýðinga var tengd hugmyndum siðabótanna um guðsorð á móðurmáli fólks. Fyrsta merkilega þýðingin á lettnesku var Biblían sem þýdd var árið 1689 úr þýsku. Þýðingin hafði mikil áhrif á þróun og stíl lettneskrar tungu sem sérstöku tungumáli.¹

2. Ummæli um *Grafarþögn*

2.1 Kynning á höfundu

Arnaldur Indriðason er fæddur 1961 í Reykjavík og er vinsæll íslenskur spennusagnahöfundur. Hann tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1981 og BA-próf í sagnfræði 1996 frá Háskóla Íslands. Hann hefur skrifað margar skáldsögur: *Synir duftsins* (1997), *Dauðarósir* (1998), *Napóleons skjölin* (1999), *Mýrin* (2000), *Grafarþögn* (2001), *Röddin* (2002), *Betty* (2003), *Kleifarvatn* (2004), *Vetrarborgin* (2005), *Konungsbók* (2006), *Harðskafi* (2007), *Myrká* (2008), *Svörtuloft* (2009), *Furðustrandir* (2010), *Einvígið* (2011), *Reykjavíkurnætur* (2012).

Skáldsögur hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og hafa orðið vinsælar víða um Evrópu. Arnaldur hefur fengið margar viðurkenningar á Íslandi og verið tilnefndur til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Einnig hefur hann tvisvar hlotið *Glerlykilinn*, norrænu glæpasagnaverðlaunin.²

2.2 Kynning á bókinni

Bókin *Grafarþögn* var gefin út árið 2001. Bókin fjallar um fund á mannabeinum á nýbyggingarsvæði í Reykjavík og allt bendir til þess að þarna hafi glæpur verið framinn fyrir mörgum árum. Lögreglan hefur rannsókn á málinu og upp kemur flókið ástand sem viðheldur spennu til enda bókarinnar og lesandanum er haldið í óvissu.

¹ Hér er stuðst við Cipulis 2004.

² Sjá Forlagið 2014.

Lesandinn veit ekki hver morðinginn er eða hverra manna beinin eru bókina til enda. Aðalpersónur í bókinni eru lögreglumaðurinn Erlendur Sveinsson og félagar hans Sigurður Óli og Elínborg.

Bókin fékk góða dóma gagnrýnenda. Steinunn Inga Óttarsdóttir skrifar í Morgunblaðið.³

Grafarþögn er vel skrifuð spennusaga, löng, efnismikil og skemmtileg aflestrar. Persónurnar eru ljóslifandi, aukapersónurnar litríkar og minnisstæðar.

Katrín Jakobsdóttir gefur eftirfarandi dóma í skrifum sínum fyrir dagblaðið DV:

Raunsönn og sláandi... Grafarþögn er óvenjuleg glæpasaga, grípandi og spennandi... bækur Arnaldar hlakkar maður til að lesa fyrir hver jól.

Matthías Viðar Sæmundsson hafði þetta að segja á vefritinu kistan.is:

Hafi menn áður efast um rithöfundarhæfileika Arnalds þá verða þær efasemdir nú að öngvu.

Bókin *Grafarþögn* fékk *Gullrýtinginn* árið 2005 sem eru þekkt verðlaun sem afhent eru af samtökum breskra glæpasagnahöfunda.⁴

3. Þýðingarhugtök og kenningar

3.1 Hugtakið þýðing

Til að skilja hvað hugtakið *þýðing* merkir þarf að horfa á merkingu orðsins og hvaða verknaður felst í orðinu. Til að útskýra hvað hugtakið *þýðing* merkir er hægt að líta til mismunandi tungumála.

³ Sjá Eymundsson 2014.

⁴ Sjá Forlagið 2014.

Latneska sögnin *transfero* merkir að ‘færa eitthvað yfir’. Frá latnesku sögninni *transfero* kemur enska sögnin *translate* sem merkir ‘þýða eða snúa úr einu máli yfir á annað’.⁵ Í dönsku er notuð sögnin *oversætte*, og í þýsku notuð sögnin *übersetzen*. Á íslensku er orðið *yfirfærsla* en það hefur aðra merkingu nefnilega ‘yfirfærð merking eða óbein merking’.⁶

Áður fyrr var á íslensku notuð sögnin *að útleggja* en á okkar dögum er notuð sögnin *að þýða*. Sögnin *þýða* merkir ‘að útlista’, ‘útskýra’ og er hún dregin af stofninum *þjóð*. Samkvæmt *Orðsifjabók* Ásgeirs Blöndal Magnússonar merkir orðið *þýða* upprunalega ‘gera þjóðinni skiljanlegt’.⁷ Á íslensku eru ýmsar aðrar sagnir sem er hægt að nota sem samheiti við sögnina *að þýða* eins og ‘snara’, ‘snúa’.⁸

Eina útskýringu á hugtakinu *þýðing* er að finna í bókinni *A Linguistic Theory of Translation* eftir J.C. Catford sem segir að þýðing sé skipti á texta á einu máli yfir á jafngildan texta á öðru máli:⁹

the replacement of textual material in one language (SL) by equivalent textual material in another language (TL).

Í enskum texta er notuð skammstöfunin SL fyrir *source language* sem á íslensku er *frummál* og skammstöfunin TL fyrir *target language* sem á íslensku er *markmál* eða *þýðingarmál*.

Roman Jakobson bendir á að hugtakið *þýðing* hefur víðari merkingu og greinir að þrjár gerðir þýðinga:¹⁰

1. Þýðing innan tungumálsins (e.intralingual translation), þ.e. þegar tiltekin boð eru endurflutt í sama málkerfi, til dæmis þegar einhver saga er endursögð og löguð að breyttum aðstæðum en sama tungumál notað.

⁶ Sbr. Ástráð Eysteinnsson 1996:25.

⁷ Sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1989.

⁸ Sjá *Íslensk orðabók* 2007.

⁹ Sbr. Catford 1965:20.

¹⁰ Sbr. Ástráð Eysteinnsson 1996:27- 28.

2. Þýðing milli tungumála (e., interlingual translation), þ.e. flutningur merkingar af einu tungumáli á annað.
3. Þýðing milli táknerfa (e. intersemiotic translation), þar sem boð eru endurflutt með öðrum tákniðli, til dæmis þegar saga er flutt sem látbragðsleikur.

Þýðingarverk mitt í hluta af bókinni *Grafarþögn* flokkast undir þýðingu milli tungumála með það að markmiði að flytja merkingu frá frummáli til þýðingarmáls.

3.2 Þýðingaraðferðir

Frá upphafi þýðinga á fyrstu öld fyrir Krist til 19. aldar var í gangi umræða um hvernig þýðing ætti að vera. Umræðan var um það hvort þýðingin ætti að vera orðrétt eða frjálslæg. Þýðandinn ákvæði hvort þýðing ætti heldur að hafa innihald, þ.e. efni, fremur en umbúðir. Þýðingarverk felur í sér skipti á texta. Byggt á tegund texta getur þýðandinn ákveðið hvernig þýðingarferlið verður. Þýðandinn þarf að taka tillit til þess hver er markhópur þýðingar, menntunar hópsins, menningarmismunar og annarra breytilegra þátta.

Fræðimaðurinn Peter Newmark flokkaði þýðingaraðferðir eftir því hvort þýðandinn leggur áherslu á frummálið eða þýðingarmálið¹¹. Þar sem þýðandinn leggur áherslu á frummál er varðveittur stíll frummálstexta, form frummálsins og innihald hans. Þar sem þýðandinn leggur áherslu á þýðingarmál notar hann frekar frjálsa þýðingu til þess að textinn sé sem skiljanlegastur fyrir lesendur marktæta. Form textans og stíll er aðlagður að þýðingarmálinu. Jón Friðjónsson lýsir þessu á eftirfarandi hátt:¹²

1. Áhersla lögð á frummálið

- a. Frá orði til orðs (e. word for word)

¹¹ Sbr. Newmark 1988:45-47.

¹² Sbr. Jón G. Friðjónsson 2006:13-15.

Þýðing orð fyrir orð er oft gerð sem þýðing milli lína. Þýðingarmálið er sett beint undir orð frummálsins. Orðaröð frummálsins er varðveitt og orðin eru þýdd með algengustu merkingu þeirra.

b. Orðrétt þýðing (e.literal)

Í orðrétri þýðingu er málfræði frummálsins breytt sem næst merkingu þýðingarmálsins.

c. Kórrétt þýðing (e.faithful)

Hér er reynt að endurskapa nákvæmlega merkingu frumtextans innan málfræðilegra marka þýðingarmálsins. Þessi aðferð yfirfærir menningarleg orð og varðveitir málfræði og orðasafn frummáls í þýðingum og er kreddubundin og ósveigjanleg.

d. Þýðing á grundvelli merkingar (e.semantic)

Þýðing á grundvelli merkingar tekur meira tillit til fagurfræðilegs og eðlilegs frumtexta og er sveigjanleg og skapandi.

2. Áhersla lögð á þýðingarmálið

a. Aðlögun (e.adaptation)

Þessi aðferð við þýðingar er frekar frjálslæg, hún er að mestu notuð þegar leikverk og ljóð eru þýdd. Í þýðingunni er þema, persónur og söguþráðunum haldið. Frumtexti menningarlegs texta er yfirfærður yfir á menningarlegan þýðingarmálstexta.

b. Frjáls þýðing (e.free)

Í frjálsri þýðingu er lögð meiri áhersla á endursköpun efnis en umbúðir, þ.e. innihald og merkingu frumtextans en ekki stíl eða form frumtextans. Oft er þýðingartexti mun lengri en frummálstexti.

c. Eðlileg þýðing (e.natural)

Eðlileg þýðing leggur áherslu á að boðskapur frumtextans komist til skila. Þessi þýðing er ekki nákvæm af því að notuð eru orðatiltæki og orðasambönd úr þýðingarmáli sem á sér ekki endilega hliðstæðu í frummálinu.

d. Þýðing á grundvelli tjáningar (communicative)

Þýðing á grundvelli tjáningar reynir að ná sem mestu og nákvæmstu innihaldi og merkingu frumtexta í eðlilegu og skiljanlegu máli fyrir lesanda þýðingartextans.

Í þýðingarverki mínu á hluta af *Grafarþögn* er notuð sú aðferð þar sem áhersla er á þýðingarmálið með eðlilegri þýðingu. Ég greini frumtexta og kem til skila merkingu og boðskap frumtextans og tek einnig tillit til málbeitingar og málfræðireglna þýðingarmálsins. Til að ná því fram að markttextinn skili sér eðlilega í markmálinu er einnig notuð umorðun.

3.3 Jafngildishugtök í þýðingum

Ekkert tungumál er nákvæmlega eins. Eitt tungumál getur haft sambærilega merkingu og gildi þegar það er þýtt yfir á annað tungumál. Tengsl á milli frumtexta og markttexta þarf að vera jafngilt. Bandaríski fræðimaðurinn Eugene A. Nida kom fram með hugtakið *jafngildi* (e.equivalence)¹³.

Jafngildi þýðir ekki að tungumálin séu eins, aðeins að merking sé sú sama. Nida byggir kenningar sínar á boðskiptafræði sem byggir á samskiptaboðum. Í jafngildi reynir þýðandinn að koma boðum í markttexta í tengsl við frumtexta og láta boðin vera með jafngilt hlutverk í markmáli. Jafngildishugtakið snýst um tengsl jafnra gilda á milli frumtexta og markttexta. Nida ræðir í verkum sínum um tvö konar jafngildi: *formlegt jafngildi* (e.formal equivalence) og *áhrifajafngildi* (e.dynamic equivalence).¹⁴

3.3.1 Formlegt jafngildi

Formlegt jafngildi beinir athygli að boðunum sjálfum, bæði formi þeirra og inntaki frummálsins. Formlegt jafngildi reynir að koma á framfæri málfræðilegu formi og endursköpun málfræðilegs forms sem getur innihaldið nafnorð á móti nafnorði,

¹³ Sbr. Nida 1964:156.

¹⁴ Hér er stuðst við Jakobson 2000:126-140.

lýsingarorð á móti lýsingarorði, sagnorð á móti sagnorði o.s. frv. Orðaval í setningarliðum og orðsamböndum er það sama og í frumtexta. Til að lesandinn nái boðskap frumtexta í þýðingartexta eru notuð menningarleg aðlögun til að koma innihaldinu á framfæri.

Nida skilgreinir hugtakið *formlegt jafngildi* í þýðingum þar sem hann kemur fram með eftirfarandi:¹⁵

Formlegt jafngildi beinir athygli að boðunum sjálfum, bæði formi þeirra og inntaki (...). Frá þessum formlega sjónarhóli er þýðanda í mun að boðin í viðtökumálinu svari eins nákvæmlega og mögulegt er til hinna ýmsu þátta í frummálinu.

Nida heldur fram að aðaláhersla í formlegu jafngildi sé trúnaður við frumtextann. Þessi gerð af jafngildi leyfir lesandanum að tengjast og sjá sjálfan sig sem mest í persónunni í efni frumtextans og skilja sem mest hann getur af hefðum, hugsanagangi og tjáningu í textanum.¹⁶

Í þýðingarverki mínu er ekki hægt að nota formlegt jafngildi af því að þetta er bókmenntaverk og markmið þýðingar er að ná merkingu frummálstexta yfir á markmálstexta en ekki málfræðilegu formi frumtextans.

3.3.2 Áhrifajafngildi

Áhrifajafngildi beinir athygli að mestu að viðbrögðum viðtakanda. Hægt væri að segja áhrifajafngildi sé það að viðtakandinn hefur þekkingu á tveimur tungumálum og tveimur menningarheimum. Boðskipti í frumtexta og þýðingartexta er sambærilegur. Nida skilgreinir áhrifajafngildi þannig:¹⁷

Áhrifajafngildi byggir á algjörlega eðlilegri framsetningu og reynir að setja viðtakandann í samband við hegðunarmynstur sem ríkjandi er í hans eigin menningarsamfélagi; slíkt jafngildi

¹⁵ Sbr. Ástráð Eysteinnsson 1996:90.

¹⁶ Sbr. Nida1964:159.

¹⁷ Sbr. Ástráð Eysteinnsson 1996:91.

krefst þess ekki að hann skilji menningarþætti í samhengi frummálsins til að skilja boð textans.

Áhrifajafngildi mætti lýsa þannig að boð þýðingartexta sé sem næst jafngildum eðlilegum boðum frumtexta og samkvæmt kenningu Nida er hugtakinu lýst eftirfarandi:¹⁸

Translating consists in reproducing in the receptor language the closest natural equivalent of the source-language message.

Nida skýrir skilgreiningu sína á áhrifajafngildi og leggur áherslu á nokkur atriði eins og jafngildi sem bendir í átt að boðskiptum frummáls, þ.e. eðlileg þýðing sem beinist í átt að þýðingarmáli og leitast við að ná sem mestri nálgun á eðlilegan frumtexta og þýðingartexta.

Áhrifajafngildi er notað til að ná fram sambærilegum viðbrögðum en ekki formi textans. Áherslan er á þýðingarmál og markmálsmenningu, innihald tiltekinna boða og viðtökumál lesenda. Þýðing felur í sér aðlögun málfræði og orðasafns sem fer fram eftir lögmálum markmálsins. Samkvæmt málfræðilegum reglum markmálsins er textinn byggður upp með réttri orðaröð, notkun sagna, nafnorða og setninga.

Í minni bókmenntaþýðingu nota ég áhrifajafngildi til að fá sömu viðbrögð frá lesendum og í frummálinu, þannig að boðskipti í þýðingartexta séu sem næst eðlilegum boðum frumtexta.

3.4 Skopos – kenningin

Á árinu 1984 gáfu Hans J. Vermeer og Katharinu Reiß út fræðirit um skopos-kenninguna *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*. Orðið *skopos* er komið af grísku og merkir á íslensku ‘tilgangur, markmið, takmark eða tilætluð notkun.’ *Skopos*-kenningin segir að þýðingarferli sé ákveðið af tilætlaðri notkun:¹⁹

¹⁸ Sbr. Jakobson 2000:136.

¹⁹ Sbr. Pym 2010:45.

An action is determined by its goal (Zweck) (It is function of its goal (Zweck)).

Grunnhugmyndin í *skopos* er að þýðandinn hafi samskipti við rithöfund. Þýðandinn tekur ákvörðun hvernig textinn er þýddur út frá markhópi, tilgangi og notkun textans. Tengsl á milli frummálstexta og þýðingartexta eru jafngild. Samkvæmt þessari kenningu getur tilgangur markmálstexta verið annar en frummálstexta. Þetta má almennt skýra sem verknað sem þýðandinn verður að ná fram.²⁰

The dominant factor of each translations is its purpose (Zweck).

Þýðandinn þarf að halda samræmi í texta og virðingu fyrir marktecta. Þessi kenning segir að frummálstexta megi þýða á mismunandi hátt til að ná fram mismunandi virkni. Þýðandinn verður að vera upplýstur um markmið þýðingartextans og þarf hann að fá aukalega upplýsingar varðandi þýðingartexta. Frumtexti er skrifaður fyrir frummálsmenningu og er það ástæðan fyrir því að þýðandinn verður að vera sérfræðingur í markmálsmenningu. Vegna þess að tungumálið er stór hluti menningarinnar, þá getur frumálstexti verið ólíkur markmálstexta og þýðingu er að mestu beint að menningu markmáls. Þýðandinn er ekki bundinn af frummálstexta eða jafngildi nema það sé nauðsynlegt vegna tilgangs textans.

Í þýðingarverki mínu í hluta af *Grafarþögn* tók ég ákvörðun um að fara að *skopos*-kenningunni þegar kom að ákveða hvaða markhóp þessi þýðing er ætluð og hver tilgangur textans er, sjá kafla 4.1.

3.5 Samantekt

Í þessum kafla var fjallað um hugtakið *þýðing* sem og þýðingaraðferðir og jafngildi í þýðingum. Einnig var farið yfir hvaða aðferðir og hugtök var stuðst við í þýðingarverki mínu. Bókmenntaþýðing mín er þýðing milli tungumála, frummálstexti var þýddur yfir á markmálstexta með eðlilegri þýðingaraðferð. Við aðlögun texta og orðasafns var reynt að notast sem mest við áhrifajafngildi og í textagreiningu var notuð *skopos*-kenning.

²⁰ Sbr. Pym 2010:45.

4. Vandamál og lausnir í þýðingu á *Grafarþögn*

4.1 Inngangur

Í þýðingarverkefni mínu kaus ég að þýða mest spennandi hluta bókarinnar *Grafarþögn* þar sem ég vildi vekja athygli lettneskra lesenda á íslenskum bókmenntum, íslenskri glæpasögu, formi og menningu. Sá hluti sem ég ákvað að þýða sýnir glögg þversnið af slíkri spennusögu og hvernig lesandanum er haldið í spennu og óvissu. Þýðingarhlutinn var vinnufrekur fyrst og fremst vegna þess að hvorki er til íslensk-lettnesk né lettnesk-íslensk orðabók. Í mörgum tilfellum notaði ég ensku sem millitungumál til þess að ná merkingu og skilningi. Ekki var auðvelt að finna hjálpargögn eins og önnur bókmenntaverk eða handbækur til að fletta upp í vegna þess að ekki hefur mikið verið þýtt af íslensku yfir á lettnesku. Þýðingarvinnan var krefjandi og á sama tíma spennandi.

Bókmenntaþýðing mín er flokkuð undir þýðingu milli tungumála sem er lýst í kafla 3.1. Textagreining þýðingar minnar er samkvæmt *skopos*-kenningu sem rætt er um í kafla 3.4. Samkvæmt þeirri kenningu þá er frummál textans íslenska en markmál lettneska. Frumtextategund er spennusaga og marktategund er líka spennusaga. Markmið þýðingar er spennusaga. Viðtakandi marktecta eru unglingar og eldri. Til að ná markmiðum þá ætla ég að þýða hluta bókarinnar með áherslu á innihald sem aðalatriði og fá sömu viðbrögð frá lesendum.

Þýðingin er gerð með aðferðinni *eðlileg þýðing* sem lýst er í kafla 3.2. Áhersla er lögð á að boðskapur frumtexta komi til skila. Allur málfræðilegur og menningarlegur mismunur á milli texta frummáls og þýðingarmáls er með áherslu á markmálsmenningu og málvenjur. Áhrifafangildi sem er lýst í kafla 3.3.2 er notað í aðlögun málfræði og orðasafns. Til að ná sömu viðbrögðum frá lesendum markmáls er notað áhrifafangildi og boðskipti í textanum sem eru sem næst eðlilegum boðskiptum milli frummáls og markmáls. Í útskýringum á dæmum er notað hugtakið *frá orð til orðs* sem lýst er í kafla 3.2. Hugtakið er notað til að sýna mismuninn á milli tungumálanna. Í útskýringum á málsháttum og orðatiltækjum í markmáli er notuð lettnesk orðabók með útskýringum.

4.2 Sérnöfn

4.2.1 Umritun sérnafna

Í lettnesku er almenna reglan að hvert hljóð á sér einn bókstaf. Skrifað mál er eins og það hljómar og þess vegna er auðvelt að lesa málið.

Bæði tungumálin, lettneska og íslenska, hafa sín sértákn eins og *á ð é í ó ú ý þ æ ö* í íslensku og *ā ē ġ ī ķ ļ ŋ š ū ž* í lettnesku.

Í þýðingarverki mínu í umritun sérnafna, eins og persónunafna eða staðaheita, eru séríslenskir stafir umritaðir samkvæmt framburði hljóðanna í frummáli til þess að fá fram jafngildi. Eins og dæmið sýnir:

- (1) a. *Bára* – *Baura*, íslenskt hljóð - *á* [au] umritað með - *au* í lettnesku.
- b. *Elínborg* – *Elīnborga*, íslenskt hljóð - *í* [i] er umritað með - *ī* í lettnesku og bætt við lettneskri beygingarendingu - *a* í samræmi við málfræðireglur markmáls.
- c. *Sigurður Óli* – *Sigurds Ole* íslenska hljóðið - *ð* [ð] er umritað með - *d* á lettnesku og er bætt við beygingarendingu - *s* samkvæmt kyni. Seinna nafnið er líka umritað í samræmi við framburð og - *ó* [ou] er umritað með lettnesku - *o*.
- d. *Bergþóra* – *Bergthora*, íslenska hljóðið - *þ* [θ] er umritað með - *th* yfir á lettnesku.

Sama aðferð er notuð til að umrita staðarheiti og staðanöfn af frummáli yfir á markmál. Þau eru umrituð að markmálin eins og dæmið sýnir:

- (2) a. *Reykjavík* – *Reikjavīka*, íslenska hljóðið - *ey* [ei] og - *í* [i] umritað með - *ei* og - *ī* í lettnesku.
- b. *Hótel Borg* – *viesnīca Borgs*, engin breyting í umritun yfir á lettnesku, aðeins bætt við lettneskri beygingarendingar - *s* í samræmi við málfræðireglur markmáls.
- c. *Grafarvogur* – *Gravarvogs*, íslenskt hljóðið - *f* [v] umritað með hljóðinu - *v* í lettnesku í samræmi við framburð í frummáli.

4.2.2 Beygjanleg aðlögun mannanafna

Í lettnesku eru tvö kyn sem eru kvenkyn og karlkyn. Í íslensku eru þrjú kyn sem eru kvenkyn, karlkyn og hvorugkyn. Í þýðingartexta eru öll sérnöfn frummáls beygð í samræmi við beygingarkerfi markmáls með tilliti til kyns orða.

Í lettnesku eru föllin sjö en í íslensku eru föllin fjögur. Til að þýðingartexti hljómi eðlilega þá eru öll sérnöfn aðlöguð að beygingarkerfi markmáls og endinga í því kerfi. Eins og til dæmis í þýðingarverki mínu, þá fá íslensku karlmannanöfnin *Erlendur* og *Sigurður* sem enda á beygingarendingu *-ur* markmáls beygingarendinguna *-s* sem bætt er við stofn orðanna. Seinna karlkyns nafnið *Óli* með beygingarendingunni *-i* fær markmáls beygingarendinguna *-e*.²¹

(3) Beygingardæmi fyrir nafnið *Sigurður Óli*.

Íslenska	Lettneska
Nefnifall <i>Sigurður Óli</i>	Nominatívs <i>Sigurd-s Ol-e</i>
Þolfall <i>Sigurð Óla</i>	Genitívs <i>Sigurd-a Ol-es</i>
Þágufall <i>Sigurði Óla</i>	Datívs <i>Sigurd-am Ole-m</i>
Eignarfall <i>Sigurðar Óla</i>	Akuzatívs <i>Sigurd-u Ol-i</i>
Verkfærisfall (latína - casus instrumentalis)	Instrumentális ar <i>Sigurd-u Ol-i</i>
Staðarfall (latína – locativus)	Lokatívs <i>Sigurd-ā Ol-ē</i>
Ávarpsfall (latína – vocativus)	Vokatívs <i>Sigurd-ø Ol-e!</i>

Sama regla á við aðlögun í markmáli þegar um er að ræða kvenmannsnöfn eins og *Elinborg*, *Eva Lind* og *Elsa* þar sem íslenska beygingarendingin er *-a* eða engin beygingaending fá nöfnin beygingarendinguna *-a* í markmáli.

(4) Beygingardæmi fyrir kvenkyns nafnið *Elinborg*.

Íslenska	Lettneska
Nefnifall <i>Elinborg</i>	Nominatívs <i>Elinborg-a</i>

²¹ Sjá Eirík Rögnvaldsson 1990:76-83.

Þolfall <i>Elínborgu</i>	Genitívs <i>Elínborg-as</i>
Þágufall <i>Elínborgu</i>	Datívs <i>Elínborg-ai</i>
Eignarfall <i>Elínborgar</i>	Akuzatívs <i>Elínborg-u</i>
Verkfærisfall (latína - casus instrumentalis)	Instrumentális ar <i>Elínborg-u</i>
Staðarfall (latína – locativus)	Lokatívs <i>Elínborg-ā</i>
Ávarpsfall (latína -vocativus)	Vokatívs <i>Elínborg-ø!</i>

4.3 Orðaröð

Samkvæmt íslenskum setningareglum kemur persónubeygð sögn sem er setningarliður tvö oftast í annað sæti. Í lettnesku er ekki nein föst regla um orðaröð í setningum. Það er munur í gerð setninga og orðaröð á milli frummáls og þýðingarmáls. Andlag kemur fyrir framan sagnorð eins og er sýnt í eftirfarandi dæmum:

- (5) a. Mamma sagði mér það. (bls.198)
b. Mamma man þija to teikusi.
c. Mamma mér það sagði.

Í lettnesku eru notuð viðskeyti og forskeyti sem bætt er við sögnina til að sýna horf, tíð og persónubeygingu. Forskeyti sýna hvort verknaði er lokið eða ekki. Viðskeyti sýna tíðarendingar og beygingarendingar sýna hvaða persónufornafn er innifalið í sögninni, sbr. eftirfarandi dæmi:

- (6) a. Hengt sig. (bls.170)
b. Pa-kār-ie-s.
c. Hengdur.

Lettneska sögnin *pakāries* sem er þýðing á íslensku sögninni *hengja sig* samanstendur af eftirfarandi: forskeytinu - *pa* sem sýnir að verknaði er lokið, viðskeytinu - *ie* sem sýnir þátíð, beygingarendingunni - *s* sem sýnir að þetta er karlkyn eintala og - *kār* sem er sagnstofninn.

Í lettnesku er venjan að setja setningarlið sem hefur mesta áherslu í enda setningar og þess vegna breytir það líka staðsetningu annarra setningarliða í markmáli.

Þetta er gert til þess að ná fram eðlilegri setningu í markmáli, eins og sýnt er í eftirfarandi:

- (7) a. Elínborg reyndi að hafa sig til sem mest hún mátti með stuttum fyrirvara.
(bls.196)
- b. Næmot vērā īso sagatavošanās laiku, Elīnborga centās izskatīties pēc iespējas labāk.
- c. Með stuttum fyrirvara Elínborg reyndi að hafa sig til sem mest hún mátti.

Í þessu dæmi var mesta áherslan á setningarliðinn *að hafa sig til sem mest hún mátti* og var hann settur í enda setningar. Samkvæmt texta bókarinnar var mögulegt að Elínborg myndi koma fram í fréttunum í sjónvarpinu og þess vegna lagaði hún á sér hárið og setti á sig varalit til þess að líta sem best út.

Sum vandamál geta falist í löngum málsgreinum með mörgum setningum. Þýðandinn þarf að brjóta langa málsgrein í frumtextanum upp í fleiri stuttar aðalsetningar í markmáli til þess að koma textanum sem best til skila, eins og sýnt er í eftirfarandi:

- (8) a. Hún var kölluð ásamt fleiri lögreglumönnum til þess að fylgja meintum brotamanni í Héraðsdóm Reykjavíkur, kunnnum kaupsýslumanni sem var viðriðinn enn eitt Stóra fíkniefnamálið. (bls.198-199)
- b. Viņa kopā ar citiem policijas darbiniekiem tika izsaukta, lai aizvestu apsūdzēto uz Reikjavīkas tiesu. Viņš bija labi pazīstams uzņēmējs, kas iesaistīts lielā narkotiku kontrabandas lietā.
- c. Hún ásamt fleiri lögreglumönnum var kölluð til þess að fylgja meintum brotamanni í Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann var kunnur kaupsýslumaður sem var viðriðinn í enn eitt stóra fíkniefnamálið.

4.4 Endurtekningar orða

Í frumtexta er sama persónufornafn eða sögn margendurtekið í sömu setningu eða málsgrein. Svona endurtekningar eru oft illskiljanlegar fyrir lesanda marktexta af því að erfitt er að skilja hver gerir hvað. Þýðandinn þarf að yfirfæra endurtekningar í

frumtexta yfir í marktexta með jafngildisorði til að fá fram eðlilegan texta í markmáli fyrir lesandann, sbr. eftirfarandi dæmi:

(9) a. **Hann** þagnaði.

Kannski voru það mistök, sagði **hann**. Að eyða því ekki.

Hún leit á **hann**. (bls.198)

b. **Viņš** apklusa.

Varbūt tā bija kļūda, – **viņš** sacīja. Nepārtraukt grūtniecību.

Viņa paskatījās uz **tēvu**.

c. **Hann** þagnaði.

Kannski voru það mistök, sagði **hann**. Að eyða því ekki.

Hún leit á **pabba**.

(10) a. Gat ekki gengið til **hans** og ráðist á **hann** þótt **hann** vildi það helst af öllu.

Erlendur vissi að **hann** gat ekki talað við **hann**. Þeir hlógu að hótunum, þessir menn. **Hann** myndi hlæja upp í opið geðið á **honum**. (bls.201)

b. Nevarēja aiziet un uzbrukt **vīrietim**, kaut gan **viņš** to gribēja vairāk par visu.

Erlends zināja, ka **viņam** nav tiesību ar **vīrieti** runāt. Šādi vīri tikai smeļās par draudiem. **Viņš** atklāti izsmietu **Erlendu**.

c. Gat ekki gengið til **hans** og ráðist á **manninn** þótt **hann** vildi það helst af

öllu. Erlendur vissi að **hann** gat ekki talað við **manninn**. Þessir menn hlógu að hótunum. **Hann** myndi hlæja upp í opið geðið á **Erlendi**.

(11) a. Bara, forvitin, **sagði** Elínborg sem vildi ekki fara út í útskýringar.

Ég man ekkert eftir henni, **sagði** Bára

Nei, auðvitað, **sagði** Elínborg. Ég skil. Þakka þér og afsakaðu ónæðið.

En móðir mín **sagði** að hún hefði verið græn. (bls.149)

b. Vienkārši gribētos zināt, – **pateica** Elīnborga, kas nevēlējās izplūst sīkos paskaidrojumus.

Es neatceros, – **atbildēja** Baura.

Nē, protams, – **saciņa** Elīnborga. Es saprotu. Liels jums paldies un atvainojiet par sagādātajā neērtībām.

Bet mana māte bija **teikusi**, ka tas ir bijis zaļš.

c. Bara, forvitin, **mælti** Elīnborg sem vildi ekki fara út í útskýringar.

Ég man ekkert eftir henni, **svaraði** Bára

Nei, auðvitað, **sagði** Elīnborg. Ég skil. Þakka yður og afsakaðu ónæðið.

En móðir mín **minnist á** að hún hefði verið græn.

4.5 Þýðing á heitum stofnana

Þýðandinn gæti lent í vanda með að þýða nöfn stofnana því að það eru ekki alltaf sömu stofnanir með sömu starfsemi sem eiga við milli frummáls og markmáls. Til að ná fram sömu boðum í marktecta og í frumtexta þarf þýðandinn að finna jafngildi sem á við. Eins og dæmin sýna:

(12) Héraðsdómur Reykjavíkur (bls.195) – Apgabaltiesa.

Á Íslandi eru tvö dómstig, Héraðsdómur og Hæstiréttur en í Lettlandi eru þrjú dómstig: hverfisdómur, sem á lettnesku er *rajona tiesa*, héraðsdómur, sem á lettnesku er *apgabal tiesa* og hæsti réttur sem á lettnesku er *augstākā tiesa*. Vegna mismunar í þjóðskipulagi þá myndi þýðandinn velja réttan dómstól í samræmi við skipulag dómsmála í landi markmáls.

(13) Hagstofan (bls.202) – Dzimtsarakstu nodaļa.

Hagstofa Íslands merkir á ensku *Statistics Iceland* og sama stofnum í Lettlandi er *Central Statistical Bureau*. Þessi stofnun í Lettlandi hefur ekki sama hlutverk og Hagstofan á Íslandi, sem dæmi þá sér hún ekki um að gefa út dánarvottorð. Vegna þess

valdi ég að nota nafn annarrar stofnunar í Lettlandi *Dzimsarakstu nodaļa* sem á íslensku væri sambærilegt við *Þjóðskrá Íslands*.

4.6 Notkun smækkunarorða

Með því að nota „smækkunarorð“ sem er á lettnesku *deminutīvs* er hægt að búa til ný orð af nafnorðum og lýsingarorðum. Mismunandi viðskeyti eru notuð fyrir hvern orðaflokk.

Í þýðingum er notað „smækkunarorðs“ viðskeyti til að breyta notkun orðs. Sem dæmi má nefna orðið *bolur* sem á lettnesku er *kreklis* og er það orð bara notað fyrir karlmannsföt. Með því að bæta við stofn orðsins viðskeyti *-iņ-*, *-īt-*, *-el-*, *-ēn-* eða *-uk* er hægt að breyta notkunarviði og nota það til að lýsa kvenfötum:

- (14) a. Hún var aðeins í þunnum **bol** innan undir. (bls.197)
b. Apakšā bija pavilkts palplāns kreklīņš.
c. Innan undir var aðeins í þunnum bol.

Ég notaði einnig smækkunarorð til ná fram réttum áhrifum og boðskap til lesenda með því að bæta „smækkunarorðs“ viðskeyti við hlutlaust orð til að ná fram neikvæðri merkingu, sbr. eftirfarandi dæmi:

- (15) a. Henni líkaði ekki þegar logið var að henni, sérstaklega ef í hlut áttu finar **kerlingar** sem töldu sig njóta forréttinda og litu niður á aðra. (bls.202)
b. Viņai nepatika, ka viņai melo, īpaši ja to darīja smalkas kundzītes, kas domāja ka viņām uz visu ir pirmās rokas tiesības un skatījās uz citiem no augšas.
c. Henni líkaði ekki þegar að henni var logið, sérstaklega ef í hlut áttu finar kerlingar sem töldu sig njóta forréttinda og litu á aðra niður.

Á markmáli er sambærilegt orð við *kerlingu* orðið *vecene* sem merkir ‘gömul kona’ en vegna merkingar orðsins innan setningarinnar get ég ekki notað það. Í þýðingu minni þá nota ég orðið *kundz-īt-e* með „smækkunarorðs“ viðskeyti til að ná sömu neikvæðu merkingu eins og í frumtexta. Í hversdagslegu tali er orðið *kundz-e*

sambærilegt íslenska orðinu *frú* sem merkir ‘gift kona’, ‘húsfreyja’ og er notað til að ávarpa miðaldra konur af virðingu.

4.7 Þérun

Menningarlegur munur er á milli íslensku og lettnesku hvernig þérun er notuð. Í íslensku er ekki notuð þérun í daglegu máli en í lettnesku er þérun notuð í daglegu máli. Í íslensku var þérun notuð í formlegu tali hvort sem einn eða fleiri voru ávarpaðir í stað persónufornafnanna *þú*, *þið*.²² Í Lettlandi er þérun notuð í opinberum ríkisfyrirtækjum og við ókunnugt fólk dags daglega.

Í markmáli nota ég þérun þegar lögreglumenn eru að tala við fólk en í frumtexta var notað á sama stað orðið *þú*, eins og sýnt er í eftirfarandi:

- (16) a. **Áttu** eitthvað frá systur **þinni**, eins og hárlökk? (bls.148)
b. Vai **jums** ir palikušas kādas **jūsu** māsas personiskās mantas, piemēram matu šķipsna?
c. Eigið **þér** eitthvað sem tilheyrir systur **yðar** eins og hárlökk?
- (17) a. **Þú** sagðir að systir **þín** hefði verið í kápu daginn sem hún hvarf. (bls.149)
b. **Jūs** teicāt, ka **jūsu** māsa bijusi mētelī tajā dienā, kad viņa pazuda.
c. **Þér** sögðuð að systir **yðar** hefði verið í kápu daginn sem hún hvarf.

4.8 Þýðing málshátta og orðatiltækja

Málshættir og orðatiltæki hafa sérstaka tengingu við hvert tungumál og menningarheim fyrir sig.

Í þýðingum málshátta af frummáli til markmáls er markmiðið að finna samsvarandi málshátt með sömu merkingu og boðskap, hér eru tvö dæmi um slíkt:

- (18) a. Sjaldan lýgur almannarómur. (bls.144)
b. Nav dūmu bez uguns.
c. Enginn reykur er án elds.
Skýring: Úr engu er ekkert komið.

²² Sjá Málfarsbankann 2014.

(19) a. Þolinmæði þrautir vinnur allar. (bls.200)

b. Kas lēnāk brauc, tālāk tiek.

c. Sá sem keyrir hægt kemst lengra.

Skýring: Vinna sem er framkvæmd með nákvæmni og þolinmæði gefur góða raun.

Orðatiltæki hafa menningarleg tengsl við tungumálið og oft er ekki hægt að þýða þau með beinni þýðingu. Í þýðingum á orðatiltækjum í frummáli til markmáls er markmiðið að finna út og koma í staðinn með samsvarandi orðatiltæki með sömu merkingu, sbr. eftirfarandi dæmi:

(20) a. Sjá í gegnum þig. (bls.197)

b. Redzēt kā uz delnas.

c. Sjá eins og á lófanum.

Skýring: Ég sé greinilega hvernig þú ert.

(21) a. Hafi stíflan brostið. (bls.201)

b. Kas bija uz sirds, tas uz mēles, un, kas uz mēles, tas laukā.

c. Það sem lá á hjartanu, kom til tungunnar, og það sem kom á tunguna lak út.

Skýring: Leyndarmál sem þú heldur inni í þér kemur í ljós við utanaðkomandi þrýsting.

(22) a. Tangur né tetur. (bls.147)

b. Pat ne matiņš netika atrasts.

c. Ekki einu sinni hár fannst.

Skýring: Finnast ekki neitt.

Í sumum tilfellum finnast sambærileg orðatiltæki í frummáli og í markmáli og því er hægt að þýða beint:

(23) a. Gert **flugu** mein. (bls.146)

b. **Mušai** pāri nodarīt.

c. Flugu mein gert.

Í öðrum tilfellum voru sett inn orðatiltæki sem voru ekki í frumtexta en hentaði samkvæmt málsvenjum markttextans. Markmið þýðingar er að ná þýðingartexta sem næst markmáli og að hann hljómi eðlilega, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

(24) a. Hætti öllu saman. (bls.146)

b. Atmeta visam ar roku.

c. Bægðir öllu frá með hendinni.

Skýring: Með hreyfingu handar er sýnt áhugaleysi eða hætt því sem viðkomandi var að gera.

(25) a. Þetta fólk er allt **löngu dáíð og grafið**, sagði Sigurður Óli þreytulega.

(bls.195)

b. Šie cilvėki ir **jau sen zem zemes**, – pavisam piekūsis sacīja Sigurds Ole.

c. Þetta fólk er **löngu komið undir torfu**, þreytulega sagði Sigurður Óli.

Skýring: Persónan er dauð og grafin fyrir löngu.

4.9 Samantekt

Í þessum kafla voru gefnar skýringar og dæmi um vandamál sem tengdust bókmenntaþýðingaverki mínu. Farið var yfir nokkur málfræðileg vandamál eins og orðaröð, setningargerð, smækkunarorð og sérnöfn og sýnd dæmi um hvernig vandamálin voru leyst. Einnig var farið yfir menningarleg vandamál eins og þéringar, málshætti og orðatiltæki með dæmum og lausnum.

5. Lokaorð

Í ritgerð minni þýði ég hluta af bókinni *Grafarþögn* úr íslensku yfir á lettnesku. *Grafarþögn* er verk íslenska glæpasagnahöfundarins Arnaldar Indriðasonar. Ég reyni að varpa ljósi á nokkur málfræðileg og menningarleg vandamál sem upp komu við þýðinguna og sýna hvernig þau voru leyst.

Ritgerðinni er skipt í fimm kafla. Í fyrsta kafla er inngangur og fjallað er um uppruna lettnesks tungumáls. Í öðrum kafla er kynning á bókinni *Grafarþögn* og

höfundi hennar. Í þriðja kafla er farið yfir þýðingar og þýðingarhugtök á fræðilegan hátt. Í fjórða kafla er rætt um málfræðileg og menningarleg vandamál og lausnir þeirra. Í fimmta kafla er samantekt og lokaorð.

Það er sérlega mikil áskorun og spennandi að þýða af íslensku yfir á lettnesku vegna þess að ekki hafa mörg verk verið þýdd á milli þessara tungumála og gerir það verkið að enn meiri áskorun og meira krefjandi. Vinnan að þýðingunni jók við þekkingu mína í íslensku, málfræði og menningarlegum mismun milli Íslands og Lettlands.

Heimildaskrá

- Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Catford, J. C. 1965. *A Linguistic Theory of Translation*. Oxford University Press, London.
- Cipulis, Dainis. 2004. *Latvijas vēsture*. Zvaigzne ABC, Latvija.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi*. 4. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 2007. Mörður Árnason (ritstj.). Edda, Reykjavík.
- Jakobson, Roman. 2000. On Linguistic Aspects of Translation. *The Translation Studies Reader*, bls. 126 – 140. Lawrence Venuti (ritstj.). Routledge, London and New York.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Þýðingar*. Fjölrit, Háskóli Íslands.
- Newmark, Peter. 1988. *A Textbook of Translation*. Prentice Hall International, Hertfordshire.
- Nida, Eugene A. 1964. *Toward a Science of Translating*, bls. 156 – 159. E.J. Brill. Leiden, Holland.
- Pym, Anthony. 2010. *Exploring Translation Theories*. Routledge, London and New York.

Netmiðlar:

- Forlagið. 2014. Arnaldur Indriðason. Sótt 15. mars 2014 af <http://www.forlagid.is/?p=15261>
- Eymundsson. 2014. Arnaldur Indriðason. Sótt 15. mars 2014 af <http://www.eymundsson.is/nanar/?productid=d0724638-ee75-41dc-a2a1-6733c1e9d192>
- Málfarsbankinn. 2014. Sótt 15. mars 2014 af <http://malfar.arnastofnun.is/?s=%C3%BE%C3%A9run>
- Skaidrojošā latviešu valodas vārdnīca [Lettnesk orðabók]. Sótt 15. mars 2014 af www.tezaurs.lv